

### V. BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

235

Gjöld samkvæmt D-lið í I. kafla gjaldskrárinnar breytist með kolaverði á Selfossi á hverjum tíma, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda 400 króna verði á kolatonni og hækki og lækki í sama hlutfalli og útsöluverð kola á Selfossi á hverjum tíma.

7. nóv.

### VI. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Selfosshrepps hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Selfoss, nr. 44 4 marz 1948.

*Atvinnumálaráðuneytið, 7. nóvember 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Dorv. K. Þorsteinsson.*

### AUGLÝSING

236

um breyting á fundarsköpum fyrir bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar,  
nr. 74 18. ágúst 1930.

8. nóv.

2. gr. orðist svo:

Bæjarstjórn kys árlega forseta og varaforseta úr flokki bæjarfulltrúanna. Forseti stjórnar fundum, og sér um að allt fari fram skipulega og í góðri reglu, og eru bæjarfulltrúarnir og bæjarstjóri skyldir til að hlíta úrskurði hans um allt, er snertir fundarsköp. Hann sér og um, að gerðir bæjarstjórnar séu rétt og skipulega ritaðar í gerðabókina.

Í forföllum forseta gegnir varaforseti störfum hans.

Framanrituð breyting á fundarsköpum fyrir bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar, sem bæjarstjórnin hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 26 22 nóvember 1918 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. nóvember 1950.*

F. h. r.

**Jónas Guðmundsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*